

Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa
03 101

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa
kt. 670269-4779
Rauðárstíg 25, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 4 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Ráðuneytið tekur þátt í alþjóðastarfi, til hagsbóta fyrir íslenskan almenning og atvinnulíf. Það gætir hagsmuna íslenskra ríkisborgara, fyrirtækja og neytenda með því að tryggja aðgang að alþjóða mörkuðum og efla fríverslun. Það styður við íslensk fyrirtæki sem vilja hasla sér völl erlendis og kynnir menningu og listir um víða veröld. Utanríkisráðuneytið sinnir pólitískum samskiptum Íslands við erlend ríki og innan alþjóðastofnana er varðar allt frá mannréttindum til öryggismála. Í lögum um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39, 16. apríl 1971 segir að utanríkisþjónustan fari með utanríkismál og gæti í hvívetna hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum og skal einkum gæta hagsmuna Íslands að því er snertir stjórnámál og öryggismál, utanríkisviðskipti og menningarmál.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 2.146,1 milljónir og afkoma kr. 27,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 74,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 522,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu utanríkisráðuneytis í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning utanríkisráðuneytis fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Gísli Þór Magnússon
Skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.814.500.000	1.954.646.066
Seld þjónusta		6.884.410	15.579.505
Framlög og ýmsar tekjur		307.117.160	74.602.849
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	17.629.907	15.963.320
Tekjur samtals		2.146.131.477	2.060.791.740
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	1.596.412.277	1.326.527.189
Framlög og tilfærslur		0	9.417.341
Annar rekstrarkostnaður	4	504.736.601	699.500.348
Afskriftir	5	17.629.907	15.963.320
Gjöld samtals		2.118.778.785	2.051.408.198
Afkoma fyrir fjármagnsliði		27.352.692	9.383.542
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(373.621)	(617.830)
		(373.621)	(617.830)
Afkoma ársins		26.979.071	8.765.712
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	5.479.071	2.565.712
Rekstrartilfærslur		21.500.000	6.200.000
		26.979.071	8.765.712

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	6	1.083.820	2.167.634
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		65.233.133	47.343.800
Aðrar eignir		75.075	84.459
		65.308.208	47.428.259
Fastafjármunir samtals		66.392.028	49.595.893
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	172.669
Tengdir aðilar	8	451.325.132	299.883.777
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		3.955.034	13.696.587
Handbært fé	9	296.200	13.674.938
Veltufjármunir samtals		455.576.366	327.427.971
Eignir samtals		521.968.394	377.023.864
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		74.459.841	58.136.160
Eigið fé samtals		74.459.841	58.136.160
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	1.081.142	1.508.217
Viðskiptaskuldir		12.426.050	32.409.184
Ýmsar skammtímaskuldir	11	256.551.267	227.890.302
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	177.450.094	57.080.001
Skuldir samtals		447.508.553	318.887.704
Eigið fé og skuldir samtals		521.968.394	377.023.864
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		26.979.071	8.765.712
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	17.629.907	15.963.320
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(17.629.907)	(15.963.320)
		<u>26.979.071</u>	<u>8.765.712</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		9.914.222	(8.228.161)
Tengdir aðilar		(58.949.862)	(33.804.820)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		8.677.831	40.738.865
		<u>(40.357.809)</u>	<u>(1.294.116)</u>
		<u>(13.378.738)</u>	<u>7.471.596</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(34.426.042)	(15.703.137)
		<u>(34.426.042)</u>	<u>(15.703.137)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		34.426.042	15.703.137
		<u>34.426.042</u>	<u>15.703.137</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(13.378.738)	7.471.596
		<u>13.674.938</u>	<u>6.203.342</u>
		<u>296.200</u>	<u>13.674.938</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af veitingasölu.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár
Aðrar eignir óafskrifað/10 ár

Þegar bókfært verðigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.814.500.000	1.954.646.066
Tekjufærsla frestaðra tekna	17.629.907	15.963.320
	<u>1.832.129.907</u>	<u>1.970.609.386</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádrægnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.375.100.000	2.700.000	0	1.377.800.000
Fjáraukalög	22.400.000	0	0	22.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	395.500.000	0	0	395.500.000
Millifært af ráðstöfunarlið ríkisstjórnar	0	18.800.000	0	18.800.000
Fjárveiting til tekna	1.793.000.000	21.500.000	0	1.814.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádrægnum sértekjum	(1.787.520.929)	0	0	(1.787.520.929)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	5.479.071	21.500.000	0	26.979.071

	2020	2019
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	1.265.618.827	1.043.954.046
Orlof, breyting	34.642.664	38.319.855
Launatengd gjöld	287.224.240	236.309.842
Starfsmannakostnaður	8.926.546	7.943.446
	<u>1.596.412.277</u>	<u>1.326.527.189</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	105,2	94,1
------------------------------	-------	------

	2020	2019
4 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	5.179.213	4.378.627
Byggingarvörur, almennar	2.550.501	214.686
Byggingarvörur, aðrar	3.063	3.533
Tæki og búnaður til innréttinga	43.501	277.672
Ýmis tæki og áhöld	8.665.002	6.704.015
Varahlutir og viðhaldsvörur	14.882	146.250
Orkugjafir	11.593.409	12.490.381
Matvæli	19.635.039	25.356.454
Almennar rekstrarvörur	4.007.640	3.381.984
Vörukaup, almenn	<u>51.692.250</u>	<u>52.953.602</u>
Kennslu- og fündurvörur	68.916	112.880
Ýmsar sérgreindar vörur	923.917	3.581.214
Vörukaup, sérgreind	<u>992.833</u>	<u>3.694.094</u>

Skýringar

	2020	2019
Framhald, skýring 4		
Fundir, námskeið, risna	7.421.936	66.735.141
Ferðir, uppihald	29.725.485	106.067.234
Akstur	5.616.425	10.559.924
Sérfræðiþjónusta	136.033.718	151.949.528
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	262.650	11.472.447
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	6.227.388	7.393.889
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	12.789.075	17.749.378
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	198.076.677	371.927.541
Samningsbundin kaup og leiga	6.000.000	6.000.000
Afnotagjöld	58.132.219	47.856.863
Leigugjöld	145.095.322	140.536.028
Notkun véla og flutningatækja	294.333	490.043
Verkkaup	36.713.389	36.547.796
Kostnaðarhlutdeild	7.179.785	38.922.552
Áhættutap og bætur	53.900	(53.800)
Tryggingar, lögboðnar	177.628	170.330
Opinber gjöld	147.687	422.799
Tilfærslur	180.578	32.500
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	253.974.841	270.925.111
Annar rekstrarkostnaður samtals	504.736.601	699.500.348
5 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	16.536.709	14.870.122
Aðrar eignir	9.384	9.384
Niðurfærsla óefnislegra eigna	1.083.814	1.083.814
	17.629.907	15.963.320
	31.12.2020	31.12.2019
6 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	1.083.820	2.167.634
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2020:		Hugbúnaður
Stofnverð 1.1.2020		5.419.076
		5.419.076
Niðurfært 1.1.2020		3.251.442
Niðurfærsla ársins		1.083.814
		4.335.256
Staða 31.12.2020		1.083.820

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
7 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	65.233.133	47.343.800
Aðrar eignir	75.075	84.459
	65.308.208	47.428.259

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020	112.311.005	93.843	112.404.848
Viðbætur á árinu	34.426.042	0	34.426.042
	146.737.047	93.843	146.830.890
Afskriftir 1.1.2020	64.967.205	9.384	64.976.589
Afskrift ársins	16.536.709	9.384	16.546.093
	81.503.914	18.768	81.522.682
Staða 31.12.2020	65.233.133	75.075	65.308.208

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	445.888.693	296.405.707
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	5.436.439	3.478.070
	451.325.132	299.883.777

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	1.081.142	1.508.217
	1.081.142	1.508.217

9 Handbært fé

Tékkareikningar	296.200	13.674.938
	296.200	13.674.938

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 30,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	58.136.160	49.370.448
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(10.655.390)	0
Afkoma ársins	26.979.071	8.765.712
Jöfnuður 31.12.	<u>74.459.841</u>	<u>58.136.160</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

11 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Ógreitt orlof	255.455.058	220.812.394
Ógreidd laun	0	6.121.976
Önnur ógreidd gjöld	1.096.209	955.932
	<u>256.551.267</u>	<u>227.890.302</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talda fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	66.392.028	49.595.893
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	111.058.066	7.484.108
	<u>177.450.094</u>	<u>57.080.001</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	49.595.893	7.484.108	57.080.001
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	138.000.000	138.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	34.426.042	(34.426.042)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(17.629.907)	0	(17.629.907)
	<u>66.392.028</u>	<u>111.058.066</u>	<u>177.450.094</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 18,6 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2022 og ótímabundna rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 130,0 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 113,7 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.